

leggja dóm á málið að þessu leyti, og ber því að vísa fjárkröfu stefnanda á hendur stefnda í máli þessu frá dómi.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Fjárkröfu stefnanda, Alþýðusambands Íslands vegna Sjómannafélags Reykjavíkur, á hendur stefnda, Félagi íslenzkra botnvörpuskipaeigenda vegna h/f Alliance, í máli þessu, vísast frá dómi.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 25. júní 1943.

Nr. 4/1943. **Vinnuveitendafélag Íslands f. h. Vinnuveitendafélags Ísfirðinga** (Eggert Claessen hrl.)  
gegn

**Alþýðusambandi Íslands f. h. verklyðsfélagsins Baldurs** vegna bílstjóradeildar þess

(Ragnar Ólafsson hrl.).

Ágreiningur um skilning á ákvæðum kjarasamnings.

### Dómur.

Mál þetta er höfðað af Vinnuveitendafélagi Íslands f. h. Vinnuveitendafélags Ísfirðinga gegn Alþýðusambandi Íslands f. h. verklyðsfélagsins Baldurs vegna bílstjóradeildar þess með stefnu 7. f. m.

Málavextir eru þessir:

Hinn 12. des. 1942 gerðu Vinnuveitendafélag Ísfirðinga og bílstjóradeild verklyðsfélagsins Baldurs á Ísafirði samning um gjald fyrir akstur vörubifreiða á Ísafirði og í Hnífsdal.

Í samningi þessum er ákveðið tímakaup fyrir bíla, gjald fyrir einstakar ferðir innanbæjar á Ísafirði og milli tiltekinnna staða í nágrenni kaupstaðarins, svo og til ýmissa staða á Vestfjörðum, ákveðin þyngd á bílhlassi, ákvæðisverð fyrir grjót, sand, steypumöl, snjó o. s. frv.

7. gr. samnings þessa hljóðar svo:

„Vinnuveitendum, sem eiga vörubifreiðar, er óheimilt að leigja hana né taka á leigu bifreiðar, sem ekki eru í Bílstjóra-

deild verkalyðsfélagsins Baldurs, nema svo standi á, að engin leigubifreið innan félagsins sé fáanleg, enda skuldbindi deildin sig til, ef hörgull er á vörubifreiðum, að láta samningsaðilja hafa forgangsrétt að því að fá vörubifreiðar til flutninga.“

Með samningi, dags. 22. des. síðastl., tók Verzl. J. S. Edwalds á Ísafirði, sem er meðlimur Vinnuveitendafélags Ísfirðinga, vörubifreiðina ÍS. 4 á leigu hjá h/f Brúnkolum á Ísafirði, en það félag er ekki í vinnuveitendafélaginu. Leigutíminn var frá 27. des. síðastl. til 26. maí þ. á.

Aðeins bifreiðin sjálf var leigð, en Verzl. J. S. Edwalds átti að sjá um bílstjóra, borga benzín, allt viðhald, nema eðlilegt slit, og annan reksturskostnað.

Bílstjóradeild verklyðsfélagsins Baldurs taldi, að með því að taka umrædda bifreið á leigu hefði Verzl. J. S. Edwalds brotið ofangreinda 7. gr. fyrrnefnds samnings og skrifaði mótmælabréf, dags. 29. des. síðastl., til Vinnuveitendafélags Ísfirðinga, sem svaraði með bréfi, dags. 30. s. m., og neitaði, að samningsbrot hefði átt sér stað með téðum leigumála um bifreiðina.

Lauk ágreiningi þessum á þann hátt, að Verzl. J. S. Edwalds keypti umrædda bifreið af h/f Brúnkolum.

Vinnuveitendafélag Ísfirðinga telur það hafa fjárhagslega þýðingu fyrir félagsmenn sína, að téð 7. gr. nefnds samnings verði talin rétt skilin þannig, að slík leiga á bifreið, sem hér var um að ræða, sé ekki brot á henni, og hefur því höfðað mál þetta og gert þær dómkröfur:

*Aðallega*, að viðurkennt verði, að 7. gr. ofangreinds samnings sé rétt skilin þannig, að þrátt fyrir ákvæði hennar sé meðlimum Vinnuveitendafélags Ísfirðinga heimilt að taka á leigu um tiltekið tímabil bifreiðar hjá öðrum en meðlimum bílstjóradeildar verklyðsfélagsins Baldurs, enda fylgi ekki bifreiðarstjóri með í leigunni og leigutaki greiði sjálfur einnig allan annan kostnað við rekstur bifreiðarinnar, að undanteknu eðlilegu sliti,

*en til vara*, að viðurkennt verði, að téð 7. gr. nefnds samnings tálmi því ekki, að gerður sé slíkur samningur sem fyrrgreindur leigusamningur milli Verzlunar J. S. Edwalds og h/f Brúnkola, dags. 22. des. síðastl.

Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Stefnandi styður dómkröfur sínar með því, að umdeilt ákvæði 7. gr. nefnds sammings, sem óheimilar leigu bifreiðar af öðrum en þeim, sem eru í bílstjóradeild Baldurs, eigi aðeins við um það ökufyrirkomulag og þau tilvik, sem upp eru talin í samningi aðilja frá 12. des. f. á., en nái ekki til þess tilviks, ef vinnuveitandi tekur bifreið á leigu um tiltekinn tíma og án þess að henni fylgi bifreiðarstjóri, enda beri leigutaki allan kostnað af rekstri bifreiðarinnar.

Stefndi telur hins vegar, að með oftnefndri 7. gr. hafi bílstjórnarnir verið að tryggja það, að þeir sætu fyrir þeim akstri á Ísafirði og í Hnífsdal, sem vinnuveitendur þar þyrftu yfirleitt á að halda, að svo miklu leyti sem þeir notuðu ekki sínar eigin bifreiðar. Ákvæði 7. gr. nái því ekki aðeins til þeirra ökutilvika, sem upp eru talin í öðrum greinum sammingsins, heldur séu þau sett sem almenn takmörkun þess, að vinnuveitendur taki á leigu bifreiðar af öðrum en þeim, sem eru í bifreiðastjóradeild verklyðsfélagsins Baldurs. Heldur stefndi því fram samkvæmt þessu, að vinnuveitendum, sem bundnir eru af samningi aðilja, sé óheimilt að taka á leigu bifreiðar með þeim hætti, er greinir í samningi Verzlunar J. S. Edwalds og h/f Brúnkola.

Tilgangurinn með oftnefndri 7. gr. í samningi aðilja frá 12. des. f. á. virðist vera sá, að tryggja félagsmönnum bílstjóradeildar Baldurs þann akstur, sem í boði er á hverjum tíma á samningssvæðinu, og sem ekki er framkvæmdur með eigin bifreiðum vinnuveitanda, en hagsmunir bifreiðarstjóranna eru í því fólgirnir, að geta leigt framfærslutæki sitt, bifreiðarnar. Skiptir því miklu máli fyrir þá, að ekki sé keppt við þá með öðrum bifreiðum. Með tilliti til þessa og hins almenna orðalags 7. gr. er ekki hægt að fallast á þá skoðun stefnanda, að greinina beri að skilja með þeim takmörkunum, er hann heldur fram. Samkvæmt þessu verður dómkröfum stefnanda hrundið, en til greina tekin sýknukrafa stefnda.

Eftir þessum málsúrslitum þykir rétt að dæma stefnanda til þess að greiða stefnda málskostnað, er ákveðst kr. 200.00.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Alþýðusamband Íslands f. h. verklyðsfélagsins Baldurs vegna bílstjóradeildar þess, skal vera sýkn af

kröfum stefnanda, Vinnuveitendafélags Íslands f. h. Vinnuveitendafélags Ísfirðinga, í máli þessu.

Stefnandi greiði stefnda kr. 200.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 6. júlí 1943.

Nr. 16/1943. **Alþýðusamband Íslands f. h. Verkalýðsfélags  
Árneshrepps** (Ragnar Ólafsson hrl.)  
gegn

**Vinnuveitendafélagi Íslands f. h. H/f Djúpu-  
víkur** (Eggert Claessen hrl.).

Deilt um það, hvort 16 ára unglingar eigi að fá kaup sem fullgildir verkamenn.

#### Dómur.

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu, dags. 18. f. m., af Alþýðusambandi Íslands f. h. Verkalýðsfélags Árneshrepps gegn Vinnuveitendafélagi Íslands f. h. H/f Djúpuvíkur.

Málsatvik eru þau, að í 3. gr. kjarasamnings milli málsaðilja, dags. 30. des. 1942, er m. a. svo um samið, að: „Lágmarkskaup kvenfólks og unglínga 14—16 ára skal vera kr. 1.40 pr. klst.“ En í sömu grein er ákvæðið, að lágmarkskaup fyrir fullgilda verkamenn skuli vera kr. 2.10 fyrir hverja klst. Aðiljar deila um það, hvernig skilja beri ofangreint ákvæði um kaup unglínga „14—16 ára“. Heldur stefnandi því fram, að samkvæmt því megi aðeins greiða unglíngum 14 og 15 ára lægra kaupið, en stefndi litur svo á, að undir þetta ákvæði falli unglíngar 14, 15 og 16 ára. Þar sem samkomulag hefur ekki náðst um ágreining þennan hefur mál þetta verið höfðað, svo sem áður er greint, og gerir stefnandi þær dómkröfur, að viðurkennt verði, að 3. gr. framannefnds samnings beri að skilja þannig, að lágmarkskaup kvenfólks og unglínga 14 og 15 ára sé kr. 1.40 fyrir hverja klst. í dagvinnu, en að verkamönnum, sem náð hafa 16 ára aldri, beri kr. 2.10 fyrir hverja klst. í dagvinnu. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi hefur mótmælt kröfum stefnanda og skilningi hans